

## REGLUR

### um samstarf eftirlitsstjórnvalda um eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um samstarf Fjármálaeftirlitsins við önnur eftirlitsstjórnvöld um eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

#### 2. gr.

##### *Samstarf um eftirlit og upplýsingaskipti.*

Um upplýsingaskipti Fjármálaeftirlitsins og annarra eftirlitsstjórnvalda vegna samstarfs um eftirlit skv. 109. gr. v laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fer eftir reglugerðum (ESB) nr. 524/2014 og 620/2014, sbr. 3. gr.

Um starfsemi samstarfshópa eftirlitsstjórnvalda skv. 36. gr. a og 109. gr. j laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fer eftir reglugerðum (ESB) 2025/790 og 2025/791, sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 524/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru þær upplýsingar sem lögbær yfirvöld í heima- og gístiaðildarríkjum láta hvert öðru í té, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 94-102.](#)
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 620/2014 frá 4. júní 2014 um tæknilega framkvæmdastaðla að því er varðar upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í heima- og gístiaðildarríkjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 34 frá 25. apríl 2024, bls. 257-281.](#)
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/790 frá 23. apríl 2025 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2026 frá 20. mars 2026.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/791 frá 23. apríl 2025 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina almenn skilyrði fyrir starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila og fellir úr gildi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/98, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2026 frá 20. mars 2026.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum (ESB) 2025/790 og 2025/791 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. [https://eur-lex.europa.eu/eli/reg\\_impl/2025/790/oj/eng](https://eur-lex.europa.eu/eli/reg_impl/2025/790/oj/eng), birt í OJ deild L, undirdeild R, 2025/790, þann 8. ágúst 2025;
2. [https://eur-lex.europa.eu/eli/reg\\_del/2025/791/oj/eng](https://eur-lex.europa.eu/eli/reg_del/2025/791/oj/eng), birt í OJ, deild L, undirdeild R, 2025/791, þann 8. ágúst 2025.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. og 12. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur um samstarf eftirlitsstjórnvalda um eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja. nr. 794/2022.

*Seðlabanka Íslands, 26. mars 2026.*

**Björk Sigurgísladóttir**  
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits.

**Guðmundur Óli Blöndal**  
forstöðumaður.

---

B deild - Útgáfudagur: 14. apríl 2026